

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps, Kirkjubæjarklaustur.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 17. desember 2015 breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 26. október 2015.

Breytingin felur í sér breytta staðsetningu fyrir þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri, skilgreiningu miðsvæðis við Klausturveg, stækkun tjaldsvæðis og nýtt efnistökusvæði auk annarra breytinga.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 17. desember 2015.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2016